



Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga

Aðalfundur 2020

Föstudaginn 21. ágúst.

Ágæti félagsmaður

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga heldur aðalfund sinn föstudaginn 21. ágúst kl. 12-13:30. Fundurinn verður haldinn í salnum Ási á 4. hæð í Borgartúni 6, Reykjavík, og einnig verður hægt að vera á símafundi. Félagsfólki er bent á að jafnaði gefst kostur á að sækja fund sem þennan í vinnutímanum að höfðu samráði við næsta yfirmann.

Kosið verður um 3 stjórnarsæti þar af um formann ásamt 2 varamönnum. Félagsmenn eru beðnir um að skrá sig á fundinn, bæði í Borgartúni og í fjarfund. Lokað verður fyrir skráningu miðvikudaginn 19. ágúst 2020 kl. 16:00.

Þátttaka í símafundi er bundin við að hafa skráð sig fyrir þennan tíma, en fundurinn í Borgartúni er opinn öllum félagsmönnum SBU.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar - sjá hér fyrir neðan.
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld.
5. Kosning stjórnarmanna sbr. 5.gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins.
8. Önnur mál.

Fyrir hönd stjórnar SBU
Sigrún Guðnadóttir, formaður

Skýrsla stjórnar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Lögð fram á aðalfundi félagsins 21. ágúst 2020

Saga stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Félagið var stofnað 8. apríl 1999 upp úr tveimur eldri félögum, Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga og Bókavarðafélaginu. Það gekk við stofnun inn í BHM, en ekki höfðu allir félagar Bókavarðafélagsins verið þar áður.

Stjórn SBU

Á aðalfundi 2019 urðu þær breytingar á stjórn félagsins að tvö stjórnarsæti voru laus, Sigrún Guðnadóttir bauð sig aftur fram til formanns og Sigríður Júlía Sighvatsdóttir bauð sig fram aftur til tveggja ára og Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar kom ný inn í stjórn og hinir 2 stjórnarmenn áttu eitt ár eftir. Stjórn SBU var því þannig skipuð starfsárið 2019: Sigrún Guðnadóttir, formaður, Sveinn Ólafsson, varaformaður, Sigríður Júlía Sighvatsdóttir, gjaldkeri, Óskar Þór Þráinsson var áfram ritari, Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar meðstjórnandi. Varamenn í stjórn voru Hallfríður Kristjánsdóttir og Ívar Ólafsson.

Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Að jafnaði eru haldnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði að júlí undanskildum. Ef upp koma mál milli funda sem nauðsynlegt er að leysa úr eru þau annað hvort leyst með tölvupóstsamskiptum eða boðun aukafundar.

Þjónustuskrifstofan

Fimm félög standa saman að rekstri þjónustuskrifstofu fyrir félögin. Þau eru, fyrir utan SBU: Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður og Stéttarfélag lögfræðinga. Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði í stjórn þjónustuskrifstofunnar en í henni sitja formenn þeirra félaga sem að rekstrinum standa og skipta þeir með sér að vera formaður, gjaldkeri og ritari þeirrar stjórnar í eitt ár í senn. Starfsmenn þjónustuskrifstofunnar voru í lok árs 2019 voru fjórir þar sem Guðrún A. Sigurðardóttir hætti um mitt ár:

Anna S. Ragnarsdóttir, þjónustufulltrúi
Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdastjóri
Hjalti Einarsson, vinnusálfræðingur
Júlíana Guðmundsdóttir, lögfræðingur

Formannaráð BHM

Formannaráð fer með æðsta vald í málefnum BHM á milli aðalfunda. Því ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum til fyllingar daglegri ákvarðanatöku sem er hlutverk stjórnar. Formannaráð veitir stjórn aðhald og veitir henni umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingi og samþykkt á aðalfundum.

Í formannaráði eiga sæti formenn allra aðildarfélaga bandalagsins og stjórn þess. Ef formaður aðildarfélags á sæti í stjórn BHM skipar hlutaðeigandi félag annan mann úr stjórn þess til setu í formannaráði. Forfallist formaður tekur varaformaður hans sæti eða annar tilnefndur fulltrúi viðkomandi félags. Skipun fulltrúa félags skal vera formleg í eitt ár hið minnsta.

Árið 2019

Húseign

SBU keypti á árinu 1,8% í þeim hluta Borgartúns 6 sem BHM-félög og bandalagið eiga fyrir 8.850.000 krónur. Aðalfundur 2013 hafði veitt leyfi fyrir kaupum á hlut í Borgartúni 6 fyrir allt að 9.000.000 króna. Með kaupunum fellur niður leiga sem félagið hefur greitt til annarra félaga innan BHM en á móti koma útgjöld vegna þátttöku í húsfélagi. BHM hefur nýlega eignast salina á 4. hæð í Borgartúni 6 og nokkur útgjöld hafa verið vegna endurbóta á þeim, enda er þeim nú ætlað að taka við af fundarsal á 3. hæð, sem verður breytt í skrifstofur. Með þeim breytingum á húsnæði munu eignahlutföll breytast örlítið.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Í samningnum sem var undirritaður 2015 við Samband íslenskra sveitarfélaga var samþykkt að félagsmenn SBU hjá sveitarfélögum myndu ganga inn í starfsmatskerfi sem hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg í nokkur ár. Starfsmatið átti að taka gildi þann 1. júní 2018. Það hafðist ekki þar sem miklu meiri tími fór í að fara yfir niðurstöður úr starfsmatinu heldur en reiknað hafði verið með. Niðurstaðan úr starfsmatinu var almennt ekki góð fyrir félagsmenn SBU, meiri hluti starfa lækka í launum. Félagsmenn sem eru núna í viðkomandi störfum halda sínum launum en verði ráðið síðar í sama starf gilda kjör samkvæmt starfsmati. Var það verk stjórnar í nýliðnum kjaraviðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á nauðsynlegum breytingum á umgjörð starfsmats og laga það betur að þörfum bókasafns- og upplýsingafræðinga. Kunnum við félagsmönnum okkar hinar bestu þakkir fyrir hversu þolinmóð þau hafa verið eftir niðurstöðum úr starfsmatinu.

Samningar náðust við Samband íslenskra sveitarfélaga um mitt sumar 2020, samningurinn var undirritaður 1. Júlí og fór þá í kynningu og atkvæðagreiðslu, samningurinn byggir á lífskjarasamningnum. Að auki var samið um að minnsta kosti 13 mínútna styttingu vinnutíma á dag og stefnt að 36 tíma vinnuviku hjá starfsmönnum. Samningurinn var samþykktur með 92% þeirra sem greiddu atkvæði. Sá samningur er styttr en þeir samningar sem gerðir voru við ríkið og Reykjavíkurborg, en hann gildir til og með 31. desember 2021.

Ríkið

Samningur við ríkið var undirritaður í október 2019 og gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023. Þessi samningur var í takt við lífskjarasamninga sem voru samþykktir á almennum markaði fyrir á árinu. Auk 68.000 króna hækkunar á mánaðarlaunum á tímabilinu verða prósentuhækkanir sem tryggja að allir félagar fá að minnsta kosti 12,5% hækkun launa á fjórum árum, eða rétt rúm 3% á ári. Fasta 68.000 króna hækkunin þýðir samt að þau sem eru með minna en 510.000 krónur á mánuði fá meiri hækkun í prósentum. Að auki var samið um að minnsta kosti 13 mínútna styttingu vinnutíma á dag og stefnt að 36 tíma vinnuviku hjá starfsmönnum. Þegar þetta er skrifað, á eftir að útfæra þá styttingu á stofnunum. Allir félagsmenn fá nú 30 daga orlof óháð aldri, var áður 27 dagar fyrir fólk yngra en 38 ára og 24 dagar fyrir fólk yngra en 30 ára. Á móti er kveðið fastar á um að 25% álag á frí sem tekið er að vetri sé aðeins ef yfirmaður hafi samþykkt það álag. Samningamenn töldu að frí yrði hvort eð er ekki tekið nema með samþykki yfirmanns, þannig að áhrif af þessari breytingu væru ekki mikil, en margir félagsmenn telja að þarna sé um umtalsverða breytingu að ræða.

Þegar hagur þjóðar fer batnandi verður kauphækkun umfram þessar tölur, og verður rætt sérstaklega þegar að því kemur hver sú hækkun verður. Ef verðbólga fer umfram þessar prósentuhækkanir teljast forsendur samnings hafa breyst. Ef önnur félög sem ekki hafa samið fá betri kjör varðandi vinnutíma, verður það látið gilda fyrir þau félög sem hér sömdu. Þegar þessi samningur var undirritaður töldu samningamenn að spá um þjóðarhag og aðstæður á markaði gæfu ekki tilefni til að geta náð betri kjörum.

Reykjavíkurborg

Samningar við Reykjavíkurborg voru lausir 31. mars 2019. Samninganefnd fundaði reglulega kjölfarið en samningsatriði þokuðust lítið, ekki undanfarið vegna ytri þátta. Samningar milli stærri blokka stéttarféлага og launagreiðenda gengu fyrir samningum við SBU og auk þess tóku mál á borð við styttingu vinnuvikunnar, sérstaklega hjá vaktavinnuhópum drjúgan tíma.

SBU er ekki stór samningsaðili gagnvart Reykjavíkurborg þannig að það var talið skynsamlegt að vinna með öðrum félögum og um leið að bíða þess að stærri félög lyki sínum samningum. Náið samstarf og samvinna var með Fræðagarði, félagi háskólamenntaðra. Sérhagsmunamál félagsmanna sem háskólamenntaðra voru jafnframt eitthvað þurfti að standa vörð um. Meðal annars var lítið til að Reykjavíkurborg væri samkeppnishæf gagnvart öðrum launagreiðendum. Gera þarf nauðsynlegar lagfæringar á kerfum á borð við starfsmat, huga þarf vel að áhrifum skipulagsbreytinga á borð við styttingu vinnuvikunnar og sérstök laun til sérfræðinga vegna fjárfestingar þeirra í sérhæfingu með háskólanámi. Lögð var einnig lagt fram skýlaus krafa um að fá leiðréttingu á launahalla stéttarinnar gagnvart öðrum stéttum og fá menntun okkar og virði starfanna fyrir einstaklinga, borgina og samfélagið metið til launa. Samningar náðust við Reykjavíkurborg um mitt sumar, sameiginlegur kjarasamningur SBU, Fræðagarðs og SBU var undirritaður rafrænt 25. júní og fór í kjölfarið í kynningu og atkvæðagreiðslu. Samningurinn var samþykktur með 90% þeirra sem greiddu atkvæði. Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.

Fræðsluferð

Dagana 22. til 28. sept. fóru Sigrún Guðnadóttir og Óskar Þór Þráinsson ásamt stjórnarmönnum úr hinum félögunum fimm sem standa að rekstri þjónustuskrifstofunnar og starfsfólki hennar til London og Kaupmannahafnar í kynnisferðum varðandi breytingar á vinnumarkaði og starfsemi stéttarféлага. Dagskráin var þétt skipuð alla dagana en heimsóttir voru ýmsir aðilar.

Í London var Íslenska sendiráðið í London heimsókn þar sem fjallað var um starfsemi sendiráðsins, Brexit, stefnu stjórnvalda í endurmenntun í stafrænni færni og fjallað um hæfni, þekkingu og framtíðar áskoranir í endurmenntun. Í heimsókn til Rocal Society for the Encouragement of ARts, Manufactures and Commerce (RSA House) var fjallað um áskoranir sjálfstætt starfandi og samfélagslegar breytingar og "gig" vinnuafli. Hjá Community TU stéttarfélaginu var fjallað um nálgun stéttarfélagsins til að þjónusta félagsmenn í breyttu starfsumhverfi og fjórðu iðnbyltinguna. Í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu fengum við kynningu um stefnumörkun vinnumarkaðar Breta út frá 4. Iðnbyltingunni og aðilar frá menntasviði fjölluðu um sí- og endurmenntun sem hefur beina skírskotun við stéttarfélög og félagsmenn þeirra. Megin hluti ferðarinnar til London var um störf einyrkja (gig economics) og hvernig launamyndun mun eiga sér stað í nýju vinnuumhverfi.

Í kaupmannahöfn var stéttarfélag háskólamanna Akademikerne heimsóttir og rætt um ýmsa þætti háskólamenntarða svo sem fagstéttir, vinnufyrirkomulag, högun háskólamenntunar og ævilangs náms. Síðast var Djöf, stéttarfélag lögræðinga heimsótt þar sem kynnt var reynsla af netvöngungum svo sem Worksome. Einnig hlustuðum við á fyrirlestur um framtíð vinnumarkaðarins en það er verkefni sem styrkt er af Norðurlandaráði við Kaupmannahafnarháskóla og er Dr. Katrín Ólafsdóttir vinnumarkaðshagfræðingur í þeirri vinnu fyrir Íslands hönd.

Þjónusta

Félagið vinnur fyrir alla félagsmenn sem leita til félagsins með fyrirspurnir um ýmis mál varðandi laun og réttindi. Félagsmenn verða að leita til stjórnar, trúnaðarmanna á vinnustöðum eða til þjónustuskrifstofunnar með sín mál. Á árinu komu upp nokkur mál þar sem félagsmenn leituðu persónulega eftir aðstoð við úrlausn sinna mála. Unnið var úr þeim málum eftir bestu vitund og getu.

Vakin er sérstök athygli á að öll mál sem félagsmenn telja vera erfitt að ræða við náið samstarfsfólk, næsta yfirmann eða aðra, má leysa með aðkomu starfsfólks þjónustuskrifstofunnar. Mál eru yfirleitt meðhöndluð öðruvísi þegar það starfsfólk kemur að, vandinn sem fylgir náðinni er þar með leystur að hluta. Fyllsta trúnaðar er að sjálfsgöðu gætt.

Mál félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum, sem berast stjórn SBU til úrlausnar, eru unnin með samstarfsnefnd sveitarfélaga, þar með taldri Reykjavíkurborg. Unnið er á svipaðan hátt gagnvart ríkinu. Það krefst þess að félagsmaður snúi sér til okkar með umkvörtunarefni og að við getum unnið úr því á grundvelli gagna sem lögð eru fram. Á vefnum sbu.is er að finna lista yfir trúnaðarmenn SBU.

Fréttamiðlun til félagsmanna

Til að miðla fréttum og upplýsingum til félagsmanna notar félagið tölvupóst, vefsíðu SBU og Facebook. Síðan var opnuð 17. nóvember 2009 og við síðustu talningu 2020 voru 314 einstaklingar tengdir síðunni. Félagsmenn geta einnig farið inn á vef þjónustuskrifstofunnar, stett.is eða á vef BHM til að nálgast upplýsingar um félagið.

Sjóðir BHM og VIRK endurhæfingarsjóður

Stjórn félagsins vill vekja athygli félagsmanna SBU á réttindum sem þeir eiga í sjóðum BHM sem og í VIRK.

BHM starfrækir þrjá sjóði sem standa félagsmönnum til boða:

Sjúkrasjóður, en rétt til styrkja úr honum eiga félagsmenn á almennum markaði. Styrktarsjóður veitir styrki til félagsmanna á opinbera markaðnum. Það gerir einnig Starfsmenntunarsjóður, en í hann geta félagsmenn sótt um styrki vegna kostnaðar sem fellur til vegna sí- og endurmenntunar sem tengist verkefni, starfi eða fagsviði umsækjenda.

Rétt í sjóðina þrjá eiga félagsmenn aðildarféлага BHM sem greitt hefur verið fyrir framlag í sjóðina í samtals 6 mánuði og þar af samfelt í 3 mánuði áður en atburður sem leiðir til styrkumsóknar á sér stað.

Starfsþróunarsetur háskólamanna veitir styrki til einstaklinga, stéttarféлага, stofnana og sveitarfélaga vegna starfsþróunar en hlutverk Starfsþróunarsetursins er að stuðla að framgangi háskólamenntaðra félagsmanna þeirra aðildarféлага BHM sem aðild eiga að setrinu og framþróun stofnana með markvissri starfsþróun. Nánari upplýsingar um alla sjóði BHM má finna á vef [BHM](#).

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður hefur það að markmiði að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Í kjölfar hrunsins hefur skapast aukið álag sem hefur haft áhrif á háskólamenntaða starfsmenn sem og aðra á íslenskum vinnumarkaði. VIRK hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Nánari upplýsingar eru á vef VIRK, <https://www.virk.is/is/virk/skipulagsskra>.

Vefur SBU

Unnið var að uppfærslu vef félagsins á árinu og var hann uppfærður í nýja útgáfu í byrjun ágúst 2020. Vefurinn er þjónustaður af Tónaflóði. Óskar Þór Þránínsson, ritari SBU, hefur séð um viðhald vefsins.

Vefnum er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsingaveita um starfsemi félagsins, en einnig tenging milli stjórnar félagsins, þjónustuskrifstofu þess og félagsmanna.

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn frá því 1. apríl 2019 til 1. apríl 2020 5.553 en síðuflettingar 7.498. Heimsóknnum á vefinn hefur fjölgað talsvert frá árinu á undan og er helsta skýringin nýjir kjarasamningar á tímabilinu.

Mest skoðuðu síðurnar eru: Kjarasamningar, Launatöflur og Stofnanasamningar.

Styrkur SBU

Samþykkt var á aðalfundi SBU að félagið hafi heimild til að veita styrk til félagsmanna að upphæð 200.000 árlega til eins verkefnis, sem stuðlar að framgangi stéttarinnar. Félagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef þær uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingunni. Enginn styrkur var veittur árið 2019.

Störf stjórnarmanna

Formaður SBU:

Sat stjórnarfundur SBU, sat í stjórn þjónustuskrifstofunnar, var formaður stjórnar hennar frá júní 2019 - júní 2020 ásamt því að sitja í formannaráði BHM. Sat aðalfund BHM og aðalfund SBU, situr í stjórn Styrktarsjóðs BHM. Fór fyrir hönd SBU út til London og Kaupmannahafnar til að kynna sér þau samningamódel sem þar eru notuð er varðar t.d. einyrkja og aðra starfsemi stéttarféлага.

Setti inn efni á Facebook-síðu félagsins. Sat viðtöl vegna starfsmatsins með félagsmönnum SBU þar til þeim var lokið. Sat fundi með Starfsmatsstofu er varðaði niðurstöðu starfa hjá Sambandi íslenskra sveitarféлага og sendi inn athugasemdir vegna þeirra til Starfsmatsstofu. Mætti á fundi með Sambandi íslenskra sveitarféлага vegna niðurstaðna úr starfsmatinu. Sat í samninganefnd SBU við ríkið, Reykjavíkurborg og var formaður samninganefndar við Sambandi íslenskra sveitarféлага. Auk þess mætti formaður á aðra þá fundi sem boðaðir eru innan BHM og formanni ber að mæta á.

Varaformaður SBU:

Hefur tekið þátt í samningagerð við ríki fyrir hönd félagsins, ásamt meðstjórnanda. Frá byrjun maí til byrjun október var það í samfloti 12 BHM-félaga, en seinni hluta október í samfloti þeirra 5 félaga sem reka saman þjónustuskrifstofu; Fræðagarðs, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og Stéttarfélags lögfræðinga auk SBU, sem lauk með samningsgerð. Staðgengill formanns og hefur setið tvo formannaráðsfundi BHM auk þátttöku í húseigendafélagi BHM í Borgartúni 6.

Gjaldkeri SBU:

Sat stjórnarfundur SBU í hverjum mánuði. Fór reglulega yfir reikninga félagsins. Sat sameiginlegan fund stjórnar FFSS, fulltrúaráðsfund hjá Orlofssjóði BHM og fund um jafnlaunastaðfestingu,.

Meðstjórnandi SBU:

Sat stjórnarfundur SBU einu sinni í mánuði, aðalfundi BHM, jafnlaunastefnufund með LSH og sat fulltrúaráðsfund sjúkrasjóðs BHM í október 2019. Sat formannaráðsfund BHM í desember 2019 í fjarveru formanns og varaformanns SBU. Sat í samninganefnd SBU við ríkið ásamt varaformanni sem lauk með undirskrift samnings í lok október. SBU var í samfloti í samningagerðinni með þeim félögum sem SBU rekur þjónustuskrifstofu með. Sinnti kynningarmálum á nýjum kjarasamningi m.a. með þátttöku í fundum á Egilsstöðum, Akureyri og Sauðárkrók. Sat einnig undirbúningsfund vegna styttingu vinnuvikunnar með SNR og samninganefnd SBU og þeirra félaga sem reka saman þjónustuskrifstofu. Setti inn nýjar upplýsingar í handbók stjórnar eftir þörfum.

Ritari SBU:

Sat stjórnarfundur SBU, aðalfund SBU, hélt utan um vefmál með fréttaskrifum, uppfærslum og viðhaldi við vef félagsins sbu.is sem og samfélagsmiðla. Fór fyrir hönd SBU út til London og Kaupmannahafnar til að kynna mér þau samningamódel sem þar eru notuð er varðar t.d. einyrkja og aðra starfsemi stéttarféлага. Sótti samráðsfundi þjónustuskrifstofu FFSS, tók þátt í ráðstefnum og stefnumótunarfundi BHM. Fundaði vegna starfsmatsins Situr í samninganefnd SBU við ríkið, Sambandi íslenskra sveitarféлага og formaður samninganefndar við Reykjavíkurborg.

REKSTRARÁÆTLUN 2020			
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga			
REKSTRARTEKJUR:	Áætlun '20	Raun '19	Áætlun '19
Félagsgjöld	18,155,794 kr	18,672,055 kr	18,431,100 kr.
Leigutekjur	1,088,258 kr	1,067,260 kr	1,056,240 kr.
Rekstrartekjur alls	<u>19,244,052 kr</u>	<u>19,739,315 kr</u>	<u>19,487,340 kr</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Framlög, styrkir og árgjöld			
Greitt til BHM	3,086,485 kr	3,340,000 kr	3,317,598 kr.
Framlög til þjónustuskrifstofu	6,254,709 kr	7,084,165 kr	7,632,300 kr.
Framlög og styrkir alls	<u>9,341,194 kr</u>	<u>10,424,165 kr</u>	<u>10,949,898 kr.</u>
LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD			
Laun	4,222,668 kr	4,733,414 kr	4,606,272 kr.
Bílastyrkur-undanþ.staðgr.	50,000 kr	12,540 kr	50,000 kr.
Tryggingargjald	268,139 kr	344,472 kr	304,014 kr.
Lífeyrissjóðsframlag	485,607 kr	473,342 kr	529,721 kr.
Stéttarfélög, mótframlag	4,227 kr	4,734 kr	4,606 kr.
Laun og launatengd gjöld alls	<u>5,030,641 kr</u>	<u>5,568,502 kr</u>	<u>5,494,613 kr.</u>
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:			
Rekstur sameignar-Húsfélag BHM	1,422,250 kr	885,600 kr	885,600 kr.
Sími	15,000 kr	11,300 kr	15,000 kr.
Kostnaður vegna kjarasamninga	500,000 kr		500,000 kr.
Rekstur tölvukerfis	302,924 kr	168,278 kr	137,353 kr.
Kostnaður vegna BIB	39,104 kr	52,114 kr	52,000 kr.
Endurskoðun og reikningsskil	572,442 kr	539,644 kr	547,716 kr.
Lögfræðikostnaður	236,140 kr	161,615 kr	88,252 kr.
Auglýsingar	50,000 kr		- kr.

Gjafir og styrkir	100,000 kr	75,000 kr	100,000 kr.
Fundakostnaður	89,780 kr	106,261 kr	200,000 kr.
Ferðakostnaður	- 230,395 kr	824,023 kr	
Námskeið og ráðstefnur	- kr	7,980 kr	300,000 kr.
Fastagjald til BHM	150,000 kr	150,000 kr	150,000 kr.
Annar rekstrarkostnaður alls	<u>3,247,245 kr</u>	<u>2,981,815 kr</u>	2,975,921 kr.
Rekstrarkostnaður samtals	<u>17,619,080 kr</u>	<u>18,974,482 kr</u>	19,420,432 kr.
Rekstrarniðurstaða	1,624,972 kr	764,833 kr	66,908 kr.

*Fyrir hönd stjórnar SBU
Sigrún Guðnadóttir, formaður*

